

Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs

Vinnureglur dómnefndar

Hvatningarverðlaun skóla- og frístundasviðs eru veitt starfsmönnum starfsstaða skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir einstök verkefni er stuðla að auknu nýbreytni- og þróunarstarfi í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

Vinnureglur dómnefndar

1. Markmiðið með verðlaununum er að:
 - Veita leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi í Reykjavík jákvæða hvatningu í starfi.
 - Vekja athygli á því gróskumikla skóla- og frístundastarfi sem fram fer á vegum starfsstaða skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.
 - Stuðla að auknu nýbreytni- og þróunarstarfi í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.
2. Veitt eru þrenn verðlaun auk verðlauna fyrir samstarfsverkefni, fyrir verkefni tengd leikskóla, fyrir verkefni tengd grunnskóla og fyrir verkefni tengd frístundastarfi. Hægt er að veita sérstakar viðurkenningar fyrir samstarfsverkefni.
 - Auglýst er eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna einu sinni á ári. Fyrir grunnskóla í byrjun janúar, fyrir leikskóla og frístundastarf í byrjun febrúar. Umsóknarfrestur er fjórar vikur.
 - Tilnefningar berist á sérstökum eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
 - Almennir, foreldrar, kennarar, skólar, starfsmenn skóla- og frístundasviðs og aðrar borgarstofnanir geta tilnefnt verkefni til verðlauna.
 - Dómnefnd er skipuð af skóla- og frístundaráði skv. erindisbréfi. Í dómnefnd sitja fjórir fulltrúar skóla- og frístundaráðs og þrír fulltrúar fagskrifstofu, leikskóla- grunnskóla- og frístundahluta. Auk þess eru í nefndinni fulltrúar sem tilnefndir eru af fagfélögum og samtökum foreldra, SAMFOK og Félagi foreldra leikskólabarna. Starfstímabil nefndarinnar er eitt kjörtímabil.
3. Við val á verðlaunahafa skal skoða hvernig verkefnið fellur að ofangreindum markmiðum:
 - Um sé að ræða nýbreytni- og/eða þróunarverkefni sem ekki telst hluti af daglegu starfi viðkomandi starfsstaðar.
 - Verkefnið sé hvatning til eftirbreytni og góðra verka bæði innan viðkomandi starfsstaðar og utan.
 - Leitast skal við að veita viðurkenningu fjölbreyttum verkefnum hvert sinn.
4. Verðlaun eru afhent í febrúar/mars til grunnskóla og í apríl og maí til leikskóla- og frístundastarfs. Verðlaunin eru afhent við hátíðlega athöfn á sérstökum ráðstefnum/uppskeruhátíðum leik- grunn- og frístundar, s.s. á *Öskudagsráðstefnu*, *Höfuð í bleyti* og *Stóra leikskóladeginum*. Verðlaun eru veitt í formi verðlaunagripa og viðurkenningarskjala.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 28. september 2016.